

Samstarfssamningur

um tilraunaverkefni til styrktar langveikum börnum og börnum með ADHD greiningu.

| | | |
|---------|-----------------------------------|-----------------|
| Aðilar: | Félags- og tryggingamálaráðuneyti | kt. 540169-4119 |
| | Mennta- og menningarmálaráðuneyti | kt. 460269-2969 |
| | Heilbrigðisráðuneyti | kt. 600169-6109 |
| | Samband íslenskra sveitarfélaga | kt. 550269-4739 |

1. gr. Markmið.

Markmið verkefnisins er að koma upp og efla stuðnings- og nærbjónustu við langveik börn og börn með ADHD greiningu og fjölskyldur þeirra með því að veita styrki til verkefna er lúta að aukinni þjónustu við þennan hóp barna og fjölskyldur þeirra. Samstarfssamningurinn er gerður á grundvelli heimildar í fjárlögum 2009 þar sem fjármunir eru veittir til aðgerðaáætlunar í þágu barna og ungmenna sem Alþingi samþykkti árið 2007. Fjárhæðinni er skipt milli félags- og tryggingamálaráðuneytis, mennta- og menningarmálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis.

2. gr. Þátttaka sveitarfélaga.

Samband íslenskra sveitarfélaga er aðili að samningi þessum fyrir hönd sveitarfélaganna í landinu. Sveitarfélög bera ábyrgð á einstökum verkefnum og taka að sér skipulagningu og framkvæmd þeirrar þjónustu sem verkefnið fjármagnar.

3. gr. Tilgangur verkefna.

Á grundvelli verkefnisins geta sveitarfélög eða stofnanir þeirra sótt um styrki vegna verkefna sem ætluð eru til þess að auka þjónustu við börn með athyglisbrest og ofvirkni (ADHD) og þjónustu við langveik börn og fjölskyldur þeirra. Sveitarfélög geta einnig sótt um styrk vegna verkefna sem unnin eru í samstarfi við einstaklinga eða félagasamtök. Gert er ráð fyrir að þeim verkefnum sem hljóta styrk af fjárlögum 2009 ljúki fyrir 1. júlí 2011.

Styrkhæf verkefni eru:

- I. Verkefni sem fela í sér félagslega stuðningsþjónustu, svo sem liðveislu fyrir langveik börn og börn með ADHD, og skammtímavistun til samræmis við það sem fötluð börn eiga kosta á, sbr. lög um málefni fatlaðra, nr. 59/1992.
- II. Verkefni sem hafa það markmið að gera langveikum börnum á leik- og grunnskólaaldri kleift að fá sjúkrabjálfun, iðjubjálfun og/eða talþjálfun í skólum sínum þegar fagleg rök mæla með því.
- III. Verkefni sem fela í sér faglega leiðsögn sérfræðinga fyrir langveik börn á leik- og grunnskólaaldri sem ekki geta sótt skóla heilsu sinnar vegna.
- IV. Verkefni sem fela í sér fræðslu og/eða stuðning fyrir kennara og annað starfsfólk skóla vegna nemenda með ADHD.
- V. Verkefni sem miða að bættri þjónustu leik- og grunnskóla við börn með ADHD.
- VI. Önnur verkefni sem lögð er áhersla á í skýrslum tveggja starfshópa frá febrúar og apríl 2008 um þjónustu við langveik börn og börn með ofvirkni og athyglisbrest og enn fremur álti rýnihópa sem forgangsröðuðu tillögum starfshópanna.



**4. gr.
Stjórnun.**

Stjórn verkefnisins er í höndum nefndar um aðgerðir til að styrkja stöðu barna og ungmenna sem skipuð var með bréfi félagsmálaráðherra 13. júlí 2007 aust fulltrúa sem tilnefndur er af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, hér eftir nefnd verkefnisstjórn. Fulltrúi félags- og tryggingamálaráðuneytisins er formaður verkefnisstjórnar.

Verkefnisstjórnin hefur eftirlit með rekstri og fjáreiðum verkefnisins. Verkefnisstjórnin auglýsir eftir umsóknum um styrki og sér um að meta umsóknir og úthluta styrkjum í samræmi við samning þennan.

Fjáreiður verkefnisins og útborgun styrka er í höndum félags- og tryggingamálaráðuneytisins. Uppgjör milli ráðuneyta vegna fjárveitinga í fjárlögum 2009 fer fram tvívar á tíma verkefnisins, þ.e. í desember 2009 og við lok verkefnisins í júlí 2011. Millifærslur fara fram á grundvelli skilagreinar frá félags- og tryggingamálaráðuneytinu sem undirrituð er af stjórn verkefnisins.

**5. gr.
Fjármagn.**

Verkefnið hefur 80 m.kr. til ráðstöfunar á árinu 2009. Félags- og tryggingamálaráðuneyti leggur fram 29 m.kr., mennta- og menningarmálaráðuneytið 23 m.kr. og heilbrigðisráðuneytið 28 m.kr.

Fjármagn til verkefna áranna 2010 og 2011 ræðst af fjárlögum þessara ára.

**6. gr.
Framlag sveitarfélaga.**

Sveitarfélög sem fá styrk skulu leggja fram vinnu við skipulagningu og framkvæmd viðkomandi verkefnis. Innifalið í því er almennur stjórnunarkostnaður, svo sem kostnaður við skrifstofuaðstöðu, kostnaður við ráðningu og verkstjórn og kostnaður við skipulagningu og samþættingu við starfsemi í grunnskólum, leikskólum eða öðrum stofnunum á vegum sveitarfélagsins. Enn fremur er innifalinn kostnaður við eftirlit og eftirfylgni verkefnis, uppgjör og skýrslugerð auk kostnaðar vegna húsnæðis þar sem það á við.

**7. gr.
Auglýsingar um styrki og umsóknir.**

Verkefnisstjórnin skal auglýsa eftir umsóknum um styrki. Í auglýsingu skal koma fram hvers konar verkefni eru styrkhæf, sbr. 3. gr. Umsóknir skulu berast verkefnisstjórn. Í umsókn skulu koma fram eftirtalin atriði:

1. Nafn og heimilisfang sveitarfélags og nafn tengiliðar vegna umsóknar.
2. Lýsing á verkefninu, markmið þess og tímasett framkvæmdaáætlun.
3. Kostnaðaráætlun um annan kostnað er um getur í 6. gr.
4. Upplýsingar um fjölda og aldur þeirra barna sem verkefnið nýttist.
5. Mælikvarðar á árangur verkefnisins.
6. Samstarfsaðilar eftir því sem við á.

Verkefnisstjórn áskilur sér rétt til að kalla eftir frekari upplýsingum.

**8. gr.
Mat á umsóknum og útborgun styrkja.**

Styrkveiting er ákveðin á grundvelli umsóknar. Við mat á umsóknum um styrk skal verkefnisstjórn leggja megináherslu á að viðkomandi verkefni feli í sér, með beinum hætti, þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra.

Verkefnisstjórn skal einnig taka mið af skýrslum tveggja starfshópa frá febrúar og apríl 2008 er fjalla um þjónustu við langveik börn og börn með ofvirkni og athyglisbrest.

Verkefnisstjórn er heimilt að leita álits sérfróðra aðila við mat á umsóknum um styrki úr sjóðnum.

Útborgun styrkja fer fram samkvæmt reikningi frá styrkþega í samræmi við framvindu verkefnisins. Reikningi skal fylgja áfangaskýrsla. Heimilt er að greiða allt að 2/3 hluta styrks á verktíma. Uppgjör skal fara fram við afhendingu greinargerðar skv. 10. gr.

**9. gr.
Stjórnsýsla.**

Stjórn verkefnisins skal haga starfi sínu í samræmi við málsméðferðarreglur stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Stjórnarmenn eru bundnir trúnaði um hvað eina sem þeir verða áskynja í störfum sínum og leynt skal fara samkvæmt lögum. Þagnarskylda helst þótt látið sé af störfum.


**10. gr.
Skilagreinar.**

Styrkþegum ber að skila inn greinargerð um framkvæmd og fjárhagslegt uppgjör verkefnisins eigi síðar en einum mánuði eftir lok þess. Í greinargerðinni skal koma fram mat styrkþega á árangri verkefnisins byggt á mælikvörðum skv. 5. tölul. 7. gr. Lokagreiðsla styrks, 1/3 hluti hið minnsta, er greidd þegar fullnægjandi upplýsingum hefur verið skilað.

**11. gr.
Gildistími.**


Stefnt er að því að verkefnið haldi áfram eftir því sem við á fyrir árin 2010 og 2011, sbr. 2. mgr. 5. gr.

Samningur þessi er gerður í fjórum samritum, eitt handa hverjum samningsaðila.



Reykjavík, 4. desember 2009

Félags- og tryggingamálaráðuneyti




Alfreður Þingadóttir

Heilbrigðisráðuneyti



Mennta- og menningarmálaráðuneyti



Þórdís Guðmundsdóttir

Samband íslenskra sveitarfélaga